



LÝÐHEILSU- OG ÆSKULÝÐSNEFND HRUNAMANNAHREPPS

19. fundur Lýðheilsu og æskulýðsnefndar. Haldinn fimmtudaginn 15.05.25 kl. 20.00 í fjarfundi frá Hvítárdal.

Fundinn sátu: Sigfríð Lárusdóttir, formaður og ritari, sem setti fund og stjórnaði, Ragnheiður Björg Magnúsdóttir nefndarmaður, Heimir Sigurðsson nefndarmaður.

1. Íþróttamaður ársins

Nefndin ræddi um íþróttmann ársins 2024, nokkrar tilnefningar bárust. Einnig var ákveðið að leita til íbúa Hrunamannahrepps til að finna hvaða einstaklingar unnu Íslandsmeistaratitil árið 2024 og hvort einhverjir spiluðu fyrir landslið 2024. Ákveðið er að framlengja frest um tilnefningu íþróttmanns ársins um viku eða til 22. maí 2025.

2. Heilsuvikan

Hugmynd um að dagskrá heilsuvikunnar og dagskrá Uppskeruhátíðarinnar verði bornar út saman í hús, upplagt væri að fá 9. bekk til að bera út þetta plagg í hús. Mikilvægt er að dagskráin verði tilbúin sem fyrst.

Kostnaðaráætlun liggur hér um bil fyrir, sjá fylgiskjal.

3. Aðalfundur UMFH

Formaður fór yfir helstu aðalatriði frá fundi UMFH

Fundi slitið kl. 21.00